

Aðalfundur

Verkalýðs og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis.

haldinn 23. apríl 2025.

Fundarstjóri ---- Góðir félagar

Ég býð ykkur velkomin á þennan aðalfund félagsins.

Þessi árlega tíð, þar sem farið er yfir líðandi ár, stöðu félagsins og afkomu og tiplað á stóru um atburði líðandi árs og verkefni.

Um síðustu áramót voru um **4957** félagar að greiða í félagið og er það fjölgun um 400 manns frá því árið áður. Félagatalið er mjög rokkandi og fer mikið eftir því hvaða tími árs er og tekur stórt stökk upp á við yfir sumarið. Á þeim tíma hefur fjöldi félaga farið talsvert yfir 5000 og verður áhugavert að sjá í sumar. Núna 1. Apríl, án alls gríns þó, var staðan 5097.

Staða félagsins er góð eins og Eyrún fer yfir með okkur á eftir þegar hún fer með ársreikninga félagsins. Félagið hefur verið vel rekið og náð að leggja vel fyrir hörðu árin. Við teljum því mikilvægt að láta félagsmenn njóta góðs af því með því að hækka t.d. styrki úr sjúkrasjóði og eins hefur verið umræða um fjölgun orlofskosta.

Síðasta ár var fjörugt að vanda. Félagið var með lausa alla sína kjarasamninga og því nóg að gera. Skrifað var undir þá einn af öðrum og voru þeir allir með þeim tóni sem verkalýðshreyfinginn lagi veg að. Hógværar hækkanir gegn því að annað í samfélaginu lækkaði líka. Vextir, verðbólga og hækkanir hjá hinu opinbera hógværar að sama skapi. Það á ennþá eftir að sjá hvort þetta gengur allt eftir. Verðbólga hefur verið á niðurleið en hækkanir hjá hinu opinbera hafa þó sumar hverjar ekki verið hógværar. Fylgst er grannt með þessu þar sem forsenduákvæði er í kjarasamningi hvað þetta varðar.

Þrátt fyrir að atvinnuástandið sé í betri farvegi eru of margir einstaklingar ennþá atvinnulausir her á svæðinu. Af okkar félagsmönnum eru ennþá tæplega 500 félagsmenn án vinnu. Margar ástæður eru fyrir því. T.d að svæðið er mikið vaktavinnusvæði og getur verið erfitt fyrir fjölskyldufólk að báðir aðilar eða einstæðir foreldrar vinni vaktavinnu. Eins hefur verið erfitt að koma börnum í gæslu t.d. á leikskóla og til dagmömmu og hefur það áhrif á atvinnuþáttöku foreldra. Þessi tala er samt allt of há en vonandi að eitthvað nái að saxa á þá tölu yfir sumarið.

Starfið á skrifstofunni hefur verið með hefðbundnum hætti. Farið var í þó nokkrar lagfæringar og viðhald á orlofshúsum, bæði eðlilegt viðhald og eins nauðsynjar vegna skemmda.

Breyting hefur orðið á starfsmannahaldi innan félagsins. Guðmundur Finnsson lauk störfum hjá félaginu í október og er honum þakkað vel fyrir sitt góða starf fyrir félagið undanfarið ótal mörg ár. Við fengum nýjan starfsmann inn í staðinn fyrir hann. Það er hún Ína Dóra Kristmundsdóttir. Hún mun sjá um innheimtu á félagsgjöldum fyrir félagið ásamt því að sinna öðrum félagsstörfum.

Ákvörðun var tekið að félagið færi sjálft að innheimta félagsgjöld á árinu. Festa lífeyrissjóður hefur séð um það fyrir okkur en kostnaður við það hefur hækkað mikið og því til hags fyrir félagið að innheimta sjálft.

Samhliða þessu erum við að taka upp nýtt félagakerfi sem heitir Tótal og er sérsniðið að þörfum stéttarféлага. Félagið keypti sig inn í rekstur þessa félagskerfis og er innleiðing á fullu. Samhliða því skiptum við um bókahaldskerfi og hefjum innheimtu.

Félagsmenn hafa verið mjög duglegir við að nýta sér þá þjónustu sem í boði er hjá félaginu.

Mikil aukning hefur verið á umsóknum úr sjúkrasjóði fyrir styrki og sjúkradagpeninga eins og sjá má í ársreikningi. Árið 2023 greiddum við út yfir 48 milljónir í hina ýmsu styrki og tæpa 239 í sjúkradagpeninga. Til samanburðar vorum við að greiða 150 milljónir í sjúkradagpeninga árið 2023. Þessi hækkun hefur því verið gríðarleg. Félagið greiddi yfir 80 milljónir til félagsmanna í námsstyrki. Félagsmenn hafa verið duglegir að sækja sér fræðslu og má til gamans geta að um einstaklingar af um 40 þjóðernis hafa verið að fá greiðslur. Félagsmenn hafa einnig verið duglegir að nýta orlofshús félagsins og þau í mikilli nýtingu. Á síðastliðnu ári hóf félagið að selja niðurgreidd gjafabréf hjá IA og Play. Það er óhætt að segja að sú þjónusta hafi fallið í góðan jarðveg hjá félagsmönnum og hafa mjög margir nýtt sér það að fá flugmiða á hagstæðara verði.

Kostnaður við lögfræðiþjónustu hefur aukist mjög mikið eins og síðasta ár og virðist staðan á vinnumarkaðinum vera að harðna. Sífelld fleiri málum lýkur ekki án aðkomu lögmannna og innheimtu í gegn um þá.

Félagar okkar í Grindavík óskuðu eftir að farið yrði í könnun og verkefnavinna um það hvort sameina ætti félögin og jafnvel öll þrjú hér á Suðurnesjum. Verkalýðsfélag Sandgerðis hafnaði því og því héldum við áfram vinnunni. Sú vinna er enn í gangi og þarf að leggja fyrir fundinn ákvörðun um áframhaldandi vinnu.

Félagið hefur unnið að því markvisst að fá fleiri trúnaðarmenn til starfa. Erfitt er að fá fólk í þessi störf og enn erfiðara að halda þeim. Fólk skiptir ört um störf á almenna markaðinum og því missum við oft góða trúnaðarmenn til annarra starfa. Stundum koma þeir þó til baka sem trúnaðarmenn í þeim störfum.

Það eru nokkrir félagar okkar sem kvöddu þennan heim á starfsárinu og vil ég hafa stutta þögn þar sem við minnumst þeirra og vottum þeim virðingu og aðstandendum samúðar.

Við sjáum fram á spennandi tíma hjá félaginu eins og alltaf. Ný kerfi og ný verkefni fram undan. Fjölgun félagsmanna. Ýmislegt er á planinu með haustinu. T.d. að virkja trúnaðarráð félagsins sem hefur ekki verið virkt nema í kring um samninga, áframhaldandi söfnun á trúnaðarmönnum, námskeiðshald, mánaðarlegt fréttabréf til félagsmanna og fleira.

Við þurfum sífellt að vera á tánum við að reyna að virka félagsmenn og að koma frá okkur upplýsingum. Ég ákvað sjálf að bjóða mig aftur fram sem formann til næstu tveggja ára. Ég hafði upphaflega sett mér það markmið að sitja þrjú tímabil eða sex ár. Þeim tíma er ljúka núna og hann hefur þotið fram hjá. Tíminn líður hratt þegar nóg er að gera.

Ágætu félagar. Við lokum hér yfirferð yfir annasamt og viðburðaríkt ár 2024 og tökum fagnandi á móti nýju „starfsári“ félagsins ef svo má segja. Ég hef þá lokið flutningi á skýrslu stjórnar.